

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Birgir Gunnarsson
Dags. 30. október 2020
Mnr. 2020050032



ÍSAFJARÐARBÆR

Ósk um frest vegna fjárhagsáætlunargerðar 2021

Til samræmis við 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, skal leggja fram tillögu um fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. desember. Ráðherra getur að ósk sveitarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu fjárhagsáætlunar ef brýn nauðsyn krefur.

Með bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 15. október 2020, var sveitarfélögum tilkynnt að sé þess óskað muni ráðuneytið veita eftirfarandi fresti:

- 1) Byggðaráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem ákveðið er í samþykkt sveitarfélags, getur lagt fram tillögu að fjárhagsáætlun eigi síðar en 1. desember 2020.
- 2) Að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar getur afgreiðsla fjárhagsáætlunar farið fram eigi síðar en 31. desember 2020.

Samkvæmt framlögðu uppfærðu ferli fjárhagsáætlunargerðar sveitarfélagsins, dags. 27. október 2020, er gert ráð fyrir fjárhagsáætlun verði lögð fyrir bæjarstjórn þann 19. nóvember 2020 til fyrri umræðu, og að síðari umræða fari fram þann 3. desember 2020, eða tveimur vikum síðar.

Bæjarstjóri leggur því til að bæjarráð samþykki að óska eftir ofangreindum fresti, sbr. 3. ml. 3. mgr. 62. gr. og 5. mgr. 35. gr. laganna, og að bæjarstjóra verið falið það verkefni.